Kópavogi 5. janúar 2024

Kópavogsbær
B.t. Karlottu Helgadóttur ritara skipulagsdeildar
og
Auðar Dagnýjar Kristinsdóttur skipulagsstjóra

Varðar : Stækkun Tennishallar / breytt deiliskipulag lóðarinnar nr. 13 við Dalsmára.

Undirritaður, f.h. eigenda hússins að Dalsmára 9-11 vill koma eftirfarandi á framfæri við bæjaryfirvöld í Kópavogi.

Forráðamenn Sportvangs ehf. gera athugasemdir við bréf, dags 17. nóvember 2023, sem Kópavogsbær sendi út til kynningar á fyrirhugaðri stækkun Tennishallarinnar.
Umrætt bréf var stílað á Sporthúsið, sem er **ekki** eigandi fasteignarinnar að Dalsmára 9-11.

Skráður eigandi hússins að Dalsmára 9-11 allt frá 1998 er ;
Sportvangur ehf. kt. 530198-2279.

Ljóst er að forráðamenn Sportvangs höfðu ekki vitneskju um fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi lóðarinnar að Dalsmára 13 fyrr en fyrir nokkrum dögum, enda var kynningarbréfið sent á Sporthúsið sem EKKI er skráður eigandi Dalsmára 9-11.

Í ljósi þessa, vilja forráðamenn Sportvangs ehf. óska eftir að frestur til athugasemda, sem skv. bréfinu er til 8. janúar 2024, verði framlengdur um 4 vikur eða til mánudagsins 5. febrúar 2024.

Jafnframt óska forráðamenn Sportvangs ehf. eftir fundi með fulltrúum Kópavogsbæjar til þess að fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Þá er vísað í meðfylgjandi upplýsingar úr fasteignaskrá sem sýnir hverjir séu skráðir eigendur að Dalsmára 9-11 og Dalsmára 13.

05. janúar 2024

F. h. Sportvangs ehf.
Ari Pétursson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026